

Saga introductions

Grettis saga

Qnundr hét maðr; hann var Ófeigs sonr burlufótar, Ívars sonar beytils. Qnundr var bróðir Guðbjargar, móður Guðbrands kúlu, fōður Ástu, móður Óláfs konungs ins helga. Qnundr var upplenzkr at móðurætt, en fōðurkyn hans var mest um Rogaland ok um Hōrðaland. Qnundr var víkingr mikill ok herjaði vestr um haf.

Egils saga

Úlfr hét maðr, sonr Bjálfa ok Hallberu, dóttur Úlfs ins óarga; hon var systir Hallbjarnar hálftrōlls í Hrafnistu, fōður Ketils hoengs. Úlfr var maðr svá mikill ok sterkr at eigi váru hans jafningjar; en er hann var á unga aldri lá hann í víkingu ok herjaði.

Njáls saga

Mōrðr hét maðr, er kallaðr var *gígja*. Hann var sonr Sighvats ins rauða; hann bjó á Velli á Rangárvōllum. Hann var ríkr hōfðingi ok málafylgjumaðr mikill ok svá mikill lōgmaðr, at engir þóttu lōgligir dōmar dœmdir, nema hann væri við. Hann átti dóttur eina er Unnr hét. Hon var væn kona ok kurteis ok vel at sér ok þótti sá bestr kostr á Rangárvōllum.

Eyrbyggja saga

Ketill flatnefr hét einn ágætr hersir í Nóregi; hann var sonr Bjarnar bunu, Gríms sonar hersis ór Sogni. Ketill var kvángaðr; hann átti Yngvildi, dóttur Ketils veðrs, hersis af Raumaríki. Björn ok Helgi hétu synir þeira; en dœtr þeira váru þær Auðr en djúpúðga, Þórunn hynna ok Jórunn mannvitsbrekka.